



Hún er ofan af Skaga og kom, sá og sigraði á ASÍ-þinginu á dögnum. Augun lýsa ákveðinni eðlisgreind sem nýst hafa henni vel á lífsleiðinni. Hver á augun.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, nýkjörin varaforseti Alþýðusambands Íslands.

Útvarp Saga á 13. hæð

Útvarp

INGVI HRAFN JÓNSSON

og samstarfsfólk hans á Útvarpi Sögu hefur yfirtekið reksturinn og flutt í nýtt húsnæði í Húsi verslunarinnar. Útsendingar hefjast á mánudaginn.

Eins og málin liggja fyrir núna sjáum við rekstrargrundvöll til næstu 24 mánaða," segir Ingvi Hrafn Jónsson, sem yfirtekið hefur rekstur Útvarps Sögu ásamt samstarfsfólki sínu. Útvarp Saga hefur verið flutt úr höfuðstöðvum Norðurljósa við Lynghál og sett upp á 13. hæð í Húsi verslunarinnar við Kringlumýrarbraut. „Ég var hér með eitt herbergi á leigu en nú höfum við tekið alla hæðina. Hér er útsýni um allt og við sjáum upp á Snæfellsnes. Hér fljúga einnig hrafnar," segir Ingvi Hrafn sem trúir að laugardagur sé til lukku og því verður allt sett í gang í dag. Venjuleg dagskrá hefst svo á mánudag.

„Við leigðum og keyptum allan

útsendingarbúnað. Sigurður G. Guðjónsson, forstjóri Norðurljósa, er guðfaðir Útvarps Sögu og hefur haldið henni í loftinu til þessa. Við yfirgefum gamla staðinn með góðri blessun hans," segir Ingvi Hrafn og lítur björtum augum til framtíðar af 13. hæðinni í Húsi verslunarinnar ásamt þeim Sigurður G. Tómassyni, Hallgrími Thorsteinson og Arn-



ÚTVARP SAGA
Bjartsýn í Húsi verslunarinnar.

þróði Karlsdóttur. Ingvi Hrafn segist leggja upp í þetta ferðalag með jákvæðar undirtektir fyrir-tækja og stofnana sem vilja vera

kjölfestustuðningsaðilar og auglýsendur á nýrri stöð. „Við erum ekki með neina fjárfesta með okkur. Útvarp Saga er bara við.“ ■

Veistu svarið?

Svör við spurningum á bls. 6

1. Þórolf Árnason borgarstjóra og fyrrum millistjórnanda ESSÓ.
2. Þetta var síðasta farþegaflug þotu þessarar gerðar.
3. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir.

Fréttir af fólki

Xinran kemur til Íslands í næstu viku en hún er höfundur bókarinnar *Dætur Kína*, sem JPV útgáfa sendi frá sér á dögnum. Bók hennar er í 5. sæti met-sölulista Amazon í Bretlandi en hún er vitnisburður um líf kínverskra kvenna.



Meðganga og brjóstgjöf
Mikið vöruúrval

Móðurást
Auðbrekku 2, Kópavogi

50% AFSLÁTTUR

af nokkrum innréttingum úr sýningarsal.

Trésmiðjan Borg,

Ármúla 23, s. 588 5170


Opið laugardag 10-15

KATTASÝNING

Haustsýning Kynjakattaverður haldin dagana 25. og 26. október 2003 í reiðhöll Gusts, Álalind, Kópavogi

Sýningin er opin frá 10 - 18 báða dagana

Sjáumst hress og kát



STEINGRÍMUR EYFIÖRÐ
Parf oft að vinna á laugardagskvöldum en þegar hann á frí skreppur hann á barinn og fær sér bjór með félögum

Brestur í söng á barnum

Oft sit ég bara hérna heima á laugardagskvöldum, rölti mér svo út á bar, fæ mér bjór og hitti vini og kunningja," segir hljóðmaðurinn Steingrímur Eyfiörð Guðmundsson.

„Ég verð að vinna á morgun þannig að það verður ekki útstælsi á mér langt fram eftir nóttu en maður kíkir þó aðeins út á Ólstofuna í kvöld en það er staðurinn minn um þessar mundir.“

Steingrímur hefur starfað í íslenskum bíómyndum í ellefu ár og vinnur um þessar mundir við hljóðupptökur á kvikmyndinni *Dís*: „Það fylgir þessum bransa oft

vinna um helgar. Það er ekki svo stór hópur fólks sem vinnur í íslenskum kvikmyndum og við þekkjumst öll svo vel að þetta er eins og fjölskyldan manns. Oft á tíðum er unnið úti á landi í tíma-bundinni skorpuvinnu þar sem lítið er um að vera í bænum. Stundum myndast ákveðinn stemmning í hópnum og algengt er að vinnufélagarnir hittist og fá sér nokkra bjóra eftir vinnu.“

Margir kannast við Steingrím úr hljómsveitinni Langi Seli og Skuggarnir: „Það er að verða ansi gömul hljómsveit en við höfum verið að hittast aðeins undanfarið

Laugardagskvöld

STEINGRÍMUR EYFIÖRÐ

■ Hefur unnið að hljóði í íslenskum bíómyndum í ellefu ár og kíkir oftast með vinnufélögum á barinn á laugardagskvöldum

og stilla saman strengina. Það getur vel verið að við komum og spilum eftir áramót en svo er ég í dúettum Díván Grimmi og við ætlum að gefa út disk á næstu mánuðum. Eg hef mikla ánægju af allri tónlist og það kemur fyrir að maður bresti í söng á barnum.“ ■

Verki Ólafs líkt við fikniefni

Starfsfólk Tate-safnsins í London Skvartar nú sáran undan því að þeim líði líkt og þau séu undir áhrifum fikniefna við störf sín í tengslum við sýningu Ólafs Elíassonar. En sólarverkið var sett upp í aðalsal safnsins fyrir nokkru og hefur það sært Íslendinga mjög að í flestum fjölmiðlum í Bretlandi er Ólafur ætíð titlaður danskur.

„Verkið er mjög flíppað en það er ekki ólöglegra en sykur eða vatn þótt starfsfólk eigi í erfíleikum með að starfa heila vakt í salnum," sagði Vicente Todoli við fjöl-

Myndlist

ÓLAFUR ELÍASSON

■ Sólarverkið í Tate safninu fær starfsfólk og gesti til að líða eins og þau séu undir áhrifum ofskynjunarlyfa. Safnstjóri segir ekkert ólöglegt við sýningu Ólafs.

miðla í vikunni en viðurkenndi að Sólarverkið hefði einhvern ofskynjunarkraft sem hefði þau áhrif að fólki líði eins og þau væru undir áhrifum fikniefna.

EKKI hefur verið rætt um að



ÓLAFUR ELÍASSON

Sýning hans vekur mikla athygli ytra og starfsfólki líður eins og þau séu á lyfjum. flytja verkið eða loka sýningunni en settar hafa verið upp viðvaranir á safninu og fólk varað við áhrifunum sem verkið getur haft. ■

Nº7 Púður
Flott förðun & Virk krem
Útsölustaðir um land allt
5 góðir litir